

# Skýrsla

## um skólahald á Litla-Hrauni og í Sogni skólaárið 2012 - 2013

Skólahald á **haustönn** á Litla-Hrauni og í Sogni var með hefðbundnum hætti. Á báðum stöðum voru stundaskrár afhentar miðvikudaginn 22. ágúst.

Í Sogni kenndu þrjú kennarar, mánudags-, þriðjudags- og miðvikudagsmorgna í 80 mínútur sinn daginn hver. Auk þess kom kennslustjóri einnig vikulega í Sogn sem og náms- og starfsráðgjafi. Þá er rétt að geta þess hér, að Eyvindur Bjarnason, kennari við FSu, kom við í Sogni alls þrisvar sinnum á önninni og sagði einum nemanda þar til í GRT 203. Sá nemandi lauk áfanganum með láði.

Við upphafhaustannar voru 13 nemendur skráðir í staðbundið nám þar, auk þess sem einn vistmanni þar stundaði fjarnám við Háskólann á Akureyri. Eins og jafnan áður átti nemendasamsetningin eftir að breytast á önninni; einhverjir losnuðu úr fangelsinu, aðrir færðust milli fangelsa og auk þess varð að hluta til endurnýjun vistmanna. Þannig luku fjórir þeirra nemenda, sem upphaflega höfðu innritast í nám á Litla-Hrauni, prófum í Sogni og annar háskólanemi bættist í hópinn.

Alls voru því 17 vistmenn í Sogni innritaðir í eitthvert nám á vegum FSu á önninni. Af þeim þreyttu aðeins 10 samtals 31 próf og voru 79 einingar lagðar undir. Af þeim náðust 70 með fullnægjandi árangri en 9 höfnuðu í glatkistunni.

Á Litla-Hrauni hófst kennsla skv. stundaskrá fimmtudaginn 23. ágúst og voru þá 36 nemendur skráðir til náms á vegum FSu, en fjórir aðrir voru skráðir í háskólanám við HA og HR. Eins og að ofan greinir, flutti einn fjórmeningana í Sogn á önninni en í nám á vegum FSu áttu níu manns eftir að bætast í hópinn. Af þeim 45, sem þannig voru innritaðir í einhverja áfanga á vegum FSu á þessari önn, hurfu 18 frá námi án þess að þreyta nokkur próf eða ljúka nokkrum áfanga með öðrum hætti. Átta nemendur frestuðu öllum sínum prófum fram yfir áramót - sumir þeirra höfðu aðeins nokkurra vikna skólavist á Litla-Hrauni að baki – en alls þreyttu 16 nemendur samtals 36 próf þar sem undir voru lagðar 89 einingar. Af þeim náðust 75 en 14 fóru í súginn.

Staðbundinni kennslu á Litla-Hrauni sinntu sex kennarar auk kennslustjóra. Náms- og starfsráðgjafi hafði þar fasta viðveru og að auki sinntu 14 fastráðnir kennarar við FSu fjarkennslunemum á Litla-Hrauni og í Sogni.

Tveir nemendur útskrifuðust á önninni með stúdentspróf, annar á Litla-Hrauni en hinn í Sogni. Af því tilefni var nýskipaður skólameistari FSu með sérstaka útskriftarathöfn í íþróttasalnum á Litla-Hrauni og þótti vel til takast.

Á **vorönn** 2013 héldu vistmenn í fangelsum áfram að sækjast eftir menntun meðan á afplánun stendur. Aldrei fyrr hefur annar eins fjöldi verið innritaður í nám á Litla-Hrauni og í Sogni eins og á þeirri önn, eða samtals 66 manns. Af þeim stunduðu sex háskólanám við þrjú háskóla hérlendis og var einn sexmenninganna auk þess skráður í einn áfanga við FSu á Litla-Hrauni. Einn vistmaður hóf fjarnám við annan íslenskan framhaldsskóla en FSu og annar var í fjarnámi frá stofnun á meginlandi Evrópu.

Af þeim 46 nemendum, sem innrituðust í eitthvert nám á vegum FSu á Litla-Hrauni, luku 22 samtals 96 einingum af þeirri 101 sem þeir lögðu undir.

Í Sogni voru samtals 13 nemendur innritaðir í eitthvert nám á vegum FSu og þar var lokið samtals 66 einingum, en þrír þeirra nemenda, sem þar höfðu innritast, luku engum prófum. Rétt er að geta þess hér, að verið er að innrita nemendur alla önnina og þreyta þeir próf, þegar þeir teljast próftækir í viðkomandi áfanga. Á sama hátt eru nemendur líka að losna úr fangelsunum áður en önninni lýkur og er þá reynt að taka þá til prófs áður en þeir losna, en í undantekningartilvikum þreyta þeir próf á Selfossi að lokinni afplánun.

Almennt var námsárangur góður hjá þeim sem luku áföngum. Á einkunnablöðum nemenda á Litla-Hrauni mátti tuttugu og einu sinni sjá einkunnina 8, tíu sinnum einkunnina 9, níu sinnum einkunnina 7, þrisvar sinnum einkunnina 10, en aðeins einu sinni einkunnirnar 6, 4 og 2. Aðrar einkunnir sáust ekki.

Á Sogni var útkoman ekki lakari. Þar var algengasta einkunnin 9 eða í átta tilvikum, einkunnin 8 sást þar sex sinnum og tíurnar voru fjórar. Fimm sinnum sást þar einkunnin 7, tvisvar sinnum talan 6 - raunar jafn oft og talan 3, en einkunnina 4 gat aðeins einu sinni að líta.

Samtals sinntu fjórir kennarar frá FSu staðbundinni kennslu í Sogni auk þess sem kennslustjóri í fangelsunum báðum og Anna Fríða Bjarnadóttir, náms- og starfsráðgjafi í fangelsum, komu þangað einu sinni í viku; sinn daginn hvort. Á Litla-Hrauni sinntu fimm kennarar við FSu staðbundinni kennslu auk kennslustjóra, en þar hefur áður nefndur náms- og starfsráðgjafi einnig sína starfsaðstöðu.

Auk ofangreindra komu 11 FSu-kennarar að fjarnámi í samtals 17 áföngum í fangelsunum báðum og sá tólfti fór fimm sinnum á önninni að Litla-Hrauni til að segja fjórum nemendum til í grunnteikningu.

Þau nýmæli voru helst á önninni, að kennsla í matreiðslu, MAT 1Ú36, hófst í Sogni en á móti kom að staðbundinni kennslu í spænsku á Litla-Hrauni var hætt. Er skemmst frá því að segja, að tilraunin með MAT 1Ú36 tókst svo vel, að áfanginn verður áfram í boði á næstu önn.

Dagana 5. – 9. júní næstkomandi verður fjölþjóðlega ráðstefna EPEA (European Prison Education Association, <http://epea.org/>) haldin á Hótel Örk í Hveragerði. Um 120 manns frá 27 þjóðlöndum hafa skráð þátttöku sína á ráðstefnunni. Undirbúningur hennar hefur að nokkru hvílt á herðum Erlendar S. Baldurssonar, deildarstjóra hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, Önnu Fríðu Bjarnadóttur, náms- og starfsráðgjafa í fangelsum landsins og undirritaðs sem um 14 ára skeið hefur verið tengiliður Íslands við samtökin. Ráðstefnugestir munu m.a. heimsækja fangelsin, skoða aðbúnað og ræða við fanga sem stunda nám þaðan.

Að afloknu skólahlaldi annarinnar funduðu fangelsiskennarar með stjórnendum fangelsanna, stjórnendum FSu, námsráðgjafa og kennslustjóra fangelsanna.

Fundað var í skólastofunni í Sogni og þáðu fundargestir veitingar í boði fangelsisins. Var þar bæði boðið upp á bakkelsi og flatkökur með reyktri bleikju úr eigin eldi.

Selfossi, 31. maí 2013

Ingis Ingason, kennslustjóri á Litla-Hrauni og í Sogni